



Borgarráð

Heimild til útgáfu lóðaleigusamninga á Ártúnshöfða til allt að fimm ára

Óskað er eftir því að borgarráð heimili skrifstofu eigna og atvinnuþróunar að gefa út tímabundna lóðarleigusamninga vegna lóða á Ártúnshöfða, til allt að 5 ára eða lengst til 1. september 2024, í þeim tilvikum þegar eldri lóðaleigusamningar eru útrunnir.

Greinargerð: Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar hefur fengið fyrirspurnir um endurnýjun útrunninna lóðarleigusamninga fyrir fasteignir á Ártúnshöfða, m.a. vegna lóðar á Breiðhöfða. Vegna endurskoðunar deiliskipulags og nýtingu svæðisins er ekki tímabært að endurnýja lóðaleigusamninga með hefðbundnum hætti fyrr en vinnu við nýtt deiliskipulag er lokið.

Með því að hafna útgáfu lóðarleigusamninga er verið að takmarka ráðstöfunarrétt eigenda yfir eignum sínum. Takmarkandi þáttur við eigendaskipti lýsir sér í því að Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu hafnar þinglýsingu skjala sem varða eignatilfærslu á fasteignum, ef enginn lóðarleigusamningur er í gildi fyrir lóð sem mannvirki stendur á. Fyrirsjáanlegt er að vinna við deiliskipulag og nauðsynlega stefnumörkun í tengslum við hana mun ekki verða lokið á allra næstu misserum. Þar með er uppi mikil óvissa sem rétt þykir að draga úr.

Lagt er til að borgarráð heimili að gefnir verði út tímabundnir lóðarleigusamningar á Ártúnshöfða, til allt að 5 ára eða lengst til 1. september 2024, til að eyða þessu réttarástandi og gefa fyrrum lóðarleiguhöfum kost á að geta áfram átt í viðskiptum með viðkomandi fasteignir enda fylgi þeim allt að fimm ára lóðarleiguréttindi.

Þess ber að geta að á fundi borgarráðs þann 18. september árið 2014 samþykkti borgarráð að veita samskonar heimild til útgáfu tímabundinna lóðaleigusamninga fyrir Vogabyggð á meðan deiliskipulag var til endurskoðunar.

Óli Jón Hertervig